

# Kristófer Kristófersson

Valdi hjúkrunarfræði eftir tvö ár í  
læknisfræði og tvær gráður í viðskiptafræði

**Aldur:** 31 árs

**Á hvaða ári ertu í náminu?**

Ég er að fara á þriðja ár í haust.

**Hvers vegna hjúkrunarfræði?**

Þetta er búin að vera löng leið með alls konar beygjum áður en ég fór í hjúkrun! Ég byrjaði árið 2010 í lækninum hér heima og var í náminu í tvö ár. Námið gekk vel og ég var með frábærar einkunnir en til að opna mig alveg og vera hreinskilinn þá leið mér bara ekkert sérstaklega vel í því námi. Ég ákvað að taka pásu, sem varð svo engin pása því ég fór í viðskiptafræði og kláraði BS og MS í því. Vann við það í nokkur ár en fannst það bara alls ekki nógu skemmtilegt eða nærandi og eftir miklar þælingar um hvað mig langaði að gera sótti ég um í hjúkrun. Ég vissi að mig langaði að vinna náð með fólki, gat nýtt minn bakgrunn og svo fannst mér ekki svo vitlaust að hafa viðskiptafræðina í poka horninu með því. Ég er að vinna á fíknigeðdeild Landspítalans, mér hefur aldrei fundist eins gaman að því sem ég er að gera og námið er frábært.

**Skemmtilegasta fagið?**

Þetta er allt saman skemmtilegt. Ég hef ekki enn þá farið í leiðinlegan kúrs.

**Eitthvað sem hefur komið á óvart í náminu?**

Hvað þetta hefur gengið stóráfallalaust í miðjum heimsfaraldri. Vonum við svo ekki öll að það komi ekki bakslag í þennan slag við veiruna?

**Eitthvað sem þér finnst að megi bæta við námið?** Ekkert sem kemur strax upp í hugann. Ætli maður væri ekki betur í stakk búinn að svara þessu að námi loknu.

**Ætlar þú í framhaldsnám?**

Já, ég hugsa það. Í dag myndi ég segja í geðhjúkrun en framtíðin er framtíðin.

**Hressasti kennarinn?**

Marianne Klinke. Hún er alltaf hress og er með brennandi og smitandi áhuga fyrir starfinu og faginu.

**Flottasta fyrirmyndin?**

Ég vinn með ótrúlega flottu og færur fagfólki á fíknigeðdeildinni og það er ekki hægt að gera upp á milli þeirra, þar eru fyrirmyndir sem ég læri eitthvað af á hverjum degi.

**Eiginleikar sem þú vilt tileinka þér í starfi?**

Heiðarleiki, traust, að vera fagleg fyrirmynd og hafa ánægju af starfinu.

**Hvar langar þig helst að vinna að námi loknu?**

Ég kann vel við mig á geðinu en hlakka til að fara í verknám á fleiri deildum. Það er allt opið.

**Uppáhaldslæknadrama?**

House var alltaf í miklu uppáhaldi og ég á góðar nostalgíuminningar frá ER (Bráðamóttökunni). Ég gafst upp á Grey's fyrir löngu, held að það hafi verið þegar helmingurinn af persónunum dó í flugslysi.

**Besta ráðið við prófkviða?**

Hreyfa sig! Og læra svo meira.

**Kaffi, te, kók eða orkudrykkir?**

Ljósblár Monster.

**Hvernig nærir þú andann?**

Með góðum svefni og hreyfingu.

**Uppáhaldshreyfing?**

Hjólreiðar og lyftingar.

**Þrjú stærstu afrek í lífinu hingað til?**

Þessi spurning er mjög auðveld fyrir fólk sem á þrjú börn en ég á ekkert gott svar um sjálfan mig! En fólk sem er ánæggt með sjálft sig, líður vel í eigin skinni og nýtur þess sem það gerir, bæði í og utan vinnu, hefur afrekað býsna margt og ég held að við ættum öll að stefna að því.

**Hefur þú áhyggjur af hlýnun jarðar?**

Já, ég geri það.

**Hvað gerir þú til að sporna við gróðurhúsáhrifum og hlýnun jarðar?**

Ég reyni að kaupa sem minnst af óþarfa drasli og borða mun minna af kjöti en ég gerði. Ég verð samt að viðurkenna að ég held að jörðin okkar getið ekki staðið undir þeim lífsstíl sem við öll lifum. Hvort sem við gerum minna af hinu eða þessu þá er óþægilegi sannleikurinn sá að við þyrftum að spóla tvær iðnbýltingar og eina upplýsingabýltingu til baka til að geta talist sjálfbær, því miður.

**Hvað gleður þig mest?**

Að hafa ánægju af lífinu á hverjum degi, hvort sem það er í sólríki utanlandsferð eða á næturvakt þá er ánægju alls staðar að finna.

**Uppáhaldsveitingastaður?** Tapasbarinn.

**Fallegasta borg í heimi?** París.

**Besti bar fyrir hamingjutíma?**

Petersensvitan í eftirmiðdagssólinni.

**Falín perla í náttúru Íslands?**

Náttúruleigin sem frændfólk mitt í Skagafirði á, á sinni jörð, og enginn veit eða fær að vita hvar er.

**Besta baðið?**

Ég segi Laugardalslaug en annars er góð og löng sturta heima eftir annasama vakt líka rosaalega dýrmæt og góð.


**Hvernig myndir þú lýsa þér í einni setningu?**

Mér var einu sinni sagt ég venjist ágætlega! Höldum okkur við þá lýsingu.

**Skemmtilegasti tími ársins?**

Ég elska íslenska vorið. Þá lifnar yfir öllu og öllum og maður finnur einhvern veginn kraftinn og gleðina í þjóðarsálinni aukast.





# Lilja Bjarklind Garðarsdóttir

Finnst vanta áfanga um jaðarsetta  
hópa og hjúkrun þeirra



**Aldur:** 24 ára.

**Á hvaða ári ertu í náminu?**

Þriðja ári.

**Hvers vegna hjúkrunarfræði?**

Hjúkrunarfræði heillaði mig vegna þess að það er svo ótrúlega fjölbreytt og áhugavert fag sem gefur marga möguleika í lífinu. Að hjálpa fólki í gegnum hvers konar erfiðleika er mjög gefandi og góð næring fyrir sálina.

**Skemmtilegasta fagið?**

Lífeðlisfræði hefur vinninginn þar.

**Eitthvað sem hefur komið á óvart í náminu?**

Já, það kom mér mikið á óvart hversu margbreytilegt hjúkrunarstarfið er.

**Eitthvað sem þér finnst að megi bæta við námið?** Já, mér þætti gott að fá inn áfanga sem fjallar um jaðarsetta hópa og hjúkrun þeirra.

**Ætlar þú í framhaldsnám?**

Já, draumurinn hefur alltaf verið að fara í ljósmóðurina en það er aldrei að vita hvert lífið leiðir mann.

**Hressasti kennarinn?**

Allir hressir og flottir

**Flottasta fyrirmyndin?**

Það er algjörlega hún Ólína Ingibjörg, mamma mín, sem er flottasta og besta hjúkkan „out there“!

**Eiginleikar sem þú vilt tileinka þér í starfi?**

Kurteisi, hlýleiki og dugnaður.

**Hvar langar þig helst að vinna að námi loknu?**

Mig langar að fara á einhvers konar lyflækningadeild.

**Uppáhaldslæknadrama?**

Grey's Anatomy, að sjálfsögðu.

**Besta ráðið við prófkviða?**

Taka pásur, fara í göngur eða taka stuttan hitting með vinkonum til að dreifa huganum.

**Kaffi, te, kók eða orkudrykkir?**

Pepsi max!

**Hvernig nærir þú andann?**

Ég fer í göngur, hlusta á hlaðvörp og stunda almenna slökun.

**Uppáhaldshreyfing?**

Tabata.

**Þrjú stærstu afrek í lífinu hingað til?**

Börnin mín, að ná að mennta mig og svo náði ég einu sinni að fara í splitt.

**Hefur þú áhyggjur af hlýnun jarðar?**

Já ég hef miklar áhyggjur af hlýnun jarðar.

**Hvað gerir þú til að sporna við gróðurhúsaáhrifum og hlýnun jarðar?**

Ég reyni að gera sem mest en enn þá er margt sem ég má bæta. Til dæmis flokka ég, nota bílinn sem allra minnst, kaupi frekar notað en nýtt og skipti út einnota vörum í fjölnota.

**Hvað gleður þig mest?**

Samverustundir með fjölskyldu og vinum.

**Hvað hryggir þig mest?**

Að sjá einhvern eiga erfitt og þá sérstaklega börn.

**Uppáhaldsveitingastaður?**

XO.

**Hvers saknar þú mest í heimsfaraldri?**

Þegar hann var sem verstur þá saknaði ég þess helst að geta ekki hitt fólkið mitt.

**Fallegasta borg í heimi?**

Mykonos í Grikklandi.

**Besti bar fyrir hamingjutíma?**

Danski barinn.

**Falín perla í náttúru Íslands?**

Paradísarlaut er æði.

**Besta baðið?**

Sky Lagoon er geggjað!

**Hvernig myndir þú lýsa þér í einni setningu?**

„Take no bullshit kind

a girl“ með sterka

réttlætiskennnd

og gæti ekki

sungið rétta

laglínuna til

að bjarga

lífi mínu.

**Skemmti-**

**legasti**

**tími**

**ársins?**

100% jólin.

